

Nr. 207

18. febrúar 2013

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Deiliskipulag Brekkuskóla og nágrennis.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. febrúar 2013 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulag fyrir Brekkuskóla og nágrenni.

Skipulagssvæðið afmarkast af Þórunnarstræti að vestan, Þingvallastræti og Kaupvangsstræti að norðan, Eyrarlandsvegi að austan og Skólastíg og Hrafnagilsstræti að sunnan. Deiliskipulagið er heildarendurskoðun eldra skipulags og helstu breytingar varða aðkomu og umferð gangandi og akandi vegfarenda.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir Brekkuskóla sem samþykkt var í bæjarstjórn 3. júní 2003 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 29. ágúst 2003, ásamt síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 18. febrúar 2013,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 4. mars 2013